

Verklagsreglur fyrir ferðaskrifstofuna Draumaferðir* (afgreiðsla)

Búnaður:

- Slökkvitæki (Yfirfarið árlega í október) GG
- Eldvarnarteppi (Yfirfarið árlega í október) GG
- Sjúkrakassi (Yfirfarinn einu sinni í mánuði) ÁÁ
- (Hjartastuðtæki) (Yfirfarið árlega í október) ÁÁ
- Viðbragðsáætlun (Uppfærð árlega í október) GG
- Viðbrögð við eldsvoða (Uppfært árlega í október) GG

Athugið –mikilvægt er að setja ábyrgðaraðila við hvern verkþátt.

Þekking og færni starfsmanna:

- Allir starfsmenn/eigendur eru með gilt skyndihjálparskírteini frá viðurkenndum aðila Ath. nýir starfsmenn fara á námskeið áður en þeir hefja störf.
- Allir starfsmenn vita hvar sjúkrakassi og (hjartastuðtæki) er staðsett í húsinu.
- Einn starfsmaður á vakt kann að beita hjartastuðtæki, ef það er til staðar.
- Rifja skal upp notkun á hjartastuðtæki reglulega, ef það er til staðar.
- Brunnaæfing er haldin í lok maí ár hvert (ÁÁ):
 - Æfa viðbrögð við eldsvoða.
 - Þekkja rýmingarleiðir og hvar allir eiga að safnast saman.
 - Kynna sér staðsetningu slökkvitækja.
 - Hvernig á að leiðbeina viðskiptavinum í eldsvoða.
- Viðbragðsáætlanir kynntar fyrir starfsmönnum tvisvar á ári (í lok maí og lok september) og fyrir nýjum starfsmönnum áður en þeir hefja störf.

Athugið - munið að setja ábyrgðaraðila þar sem það á við.

Húsnæði:

- Rýmingarleiðir eru alltaf greiðfærar, þar er enginn húsbúnaður eða annað sem að getur tafið för.
- Merkingar við flóttaleiðir yfirfarnar í samræmi við kröfur eldvarnareftirlits.
- Rýmingaráætlun staðfest af eldvarnareftirliti/slökkviliðsstjóra er til staðar
- Muna að nota viðvörðunarskilti þegar gólf eru þvegin eða þau eru blaut og hál.
- Passa að snúrur séu ekki í miðjum gangvegi eða á öðrum stöðum þar sem þær geta skapað hættu.
- Starfsfólk á vakt fylgist með klakamyndun, hreinsar snjó og klaka við inngang og grýlukerti og klaka af þakbrún við upphaf vaktar þegar veðurskilyrði gefa tilefni til.
- Á tveggja mánaða fresti er farið yfir öll ljós og kúplar hreinsaðir, þess á milli er skipt um perur um leið og þær fara.
- Við dagleg þrif er fylgst með mottum, teppum og öðrum gólfefnum og brugðist við ef slit getur leitt til fallhættu (t.d. lykkjur í slitnu teppi, uppbrettar mottur eða kantar á gólfúkkum).

*Verklagsreglurnar ná til afgreiðslu og skrifstofu Draumaferða, vegna samsteningar ferðapakka gilda annarskonar verklagsreglur. Vegna ferða á vegum ferðaskrifstofunnar og gilda viðeigandi öryggisáætlanir.

Þessar verklagsreglur voru unnar af Grímhildi Grímsdóttur, eiganda og Ámunda Ámundasyni framkvæmdastjóra í september 2015.

Verklagsreglurnar skal endurskoða árlega og oftár komi upp atvik sem gefa tilefni til þess.